

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 1. september 2015 á Kjóavöllum.

## 9. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Lárus Finnbogason, Kristín Njálsdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Ragna Emilsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj. Hermann Vilmundarson og Ólafur Blöndal boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Gjaldkeri fór yfir stöðu fjármála hjá félaginu og uppgjör eftir Íslandsmótið.
3. Framkvæmdastjóri gerði stjórn grein fyrir stöðu verkefna sinna.
4. Metamótið. Metamótsnefndin hefur undanfarið unnið að undirbúningi fyrir mótið. Tekið hefur verið á móti um 290 skráningum.
5. Dagskrá vetrarins. Framkv.stj. lagði fram drög að dagskrá vetrarins sem er þéttskipuð og spennandi.
6. Nefndir félagsins fyrir næsta vetur. Farið yfir stöðuna á mönnun nefnda, mótanefnd er t.d. fullskipuð. Þá var rætt um nauðsyn þess að manna landsmótsnefnd sem héldi utan um skipulag á þátttöku Sprettara í Landsmóti LH á Hólum næsta sumar.
7. Úthlutun nýrra lóða á Sprettssvæðinu. Rætt um nauðsyn þess að þrýsta á bæjaryfirvöld í Garðabæ varðandi að auglýsa lóðir á svæðinu.
8. Formannafundur LH. Rætt um undirbúning vegna þátttöku formanns á formannafundi LH. Þá er upplýst um Uppskeruhátíð LH sem verður 7. nóvember nk.
9. Stefnumótun. Tekin upp umræða á ný um vinnu við stefnumótun en nauðsynlegt er að halda áfram þar sem frá var horfið fyrir síðasta aðalfund félagsins. Stjórnarmenn sammála nauðsyn slíkrar vinnu.
10. Íþróttafólk Sprettis. Auglýsa þarf eftir tilnefningum sem fyrst. Ákv. að Sigurður og Ragna taki á móti tilnefningum f.h. stjórnar.
11. Önnur mál.
  - Hestamannafélagið Sprettur og Samskip hafa undirritað nýjan samstarfssamning sem felur í sér að Samskip verða aðalstuðningsaðili félagsins næstu sjö árin. Samningurinn felur meðal annars í sér að reiðhöll Sprettis verður hér eftir nefnd Samskipahöllin og keppnisreiðvöllur félagsins utanhúss Samskipavöllurinn. Samningurinn var undirritaður 26. ágúst sl. að viðstöddu fjölmenni í veislusal félagsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Kristín Njálsdóttir